

# LANDSKJÖRSTJÓRN

Alþingi  
B.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. júní 2022

**Efni: Umsögn landskjörstjórnar um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 (íbúakosning á vegum sveitarfélaga), 571. mál.**

Landskjörstjórn vísar til stjórnarfrumvarps til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 (íbúakosning á vegum sveitarfélaga), þingskjal 810 – 571 mál sem finna má á vef Alþingis. Hér að neðan er að finna umsögn landskjörstjórnar um frumvarpið.

Í frumvarpinu er kveðið á um að Þjóðskrá skuli gera kjörskrá fyrir atkvæðagreiðsluna og um gerð hennar gildi ákvæði kosningalaga sbr. a-lið 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Í eldri kosningalögum til sveitarstjórnar nr. 5/1998 var kveðið á um, að sveitarstjórnir geri kjörskrár til sveitarstjórnarkosninga á grundvelli kjörskrárstofna sem Þjóðskrá Íslands láti þeim í té. Í kosningalögum nr. 112/2021 er kveðið á um, að Þjóðskrá geri kjörskrá fyrir alþingiskosningar, sveitarstjórnarkosningar, forsetakjör og þjóðaratkvæðagreiðslur. Með kosningalögum nr. 112/2021 var fellt út ákvæði um að Þjóðskrá Íslands afhendi sveitarstjórnnum kjörskrárstofn. Rétt er að geta þess að í sveitarstjórnarlögum er enn kveðið á um afhendingu kjörskrárstofna sbr. sbr. 4. mgr. 38. gr. og 5. mgr. 108. gr. laganna. Landskjörstjórn leggur því til að orðið „kjörskrárstofn“ falli út í 4. mgr. 38. gr. og 5. mgr. 108. gr. sveitarstjórnarlaganna og í staðinn komi orðið „kjörskrá.“

Í frumvarpinu er ekki kveðið á um með neinum hætti hvert hlutverk landskjörstjórnar eigi að vera þegar um er að ræða íbúakosningar á grundvelli sveitarstjórnarlaga. Í frumvarpinu er einungis kveðið á um að sveitarstjórn geti ákveðið að íbúakosning fari fram rafrænt og að kjörskrá verði rafræn. Þetta er þó háð því að Þjóðskrá Íslands staðfesti að rafræn kosning geti farið fram. Hvað þetta varðar þarf að vera skýrt, að mati landskjörstjórnar, hvernig framkvæmd íbúakosninga verði háttáð sé ekki hægt að tryggja að rafræn kosning fari fram. Það felur í sér að liggja þarf fyrir með skýrum hætti hvort og þá hvernig utankjörfundaratkvæðagreiðsla fari fram, hvernig gerð og framlagningu kjörgagna verði háttáð og hvort landskjörstjórn hafi einhverju hlutverki gegna í slíkum tilvikum.

Í b-lið 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins (134. gr.) er kveðið á um reglugerðarheimild „um hlutverk Þjóðskrár Íslands vegna rafrænna íbúakosninga, undirbúning, framkvæmd og fyrirkomulag rafrænna kosninga og gerð rafrænnar kjörskrár. Þar á meðal um notkun rafrænnar kjörskrár, viðmiðunardag kjörskrár, auglýsingu um kjörskrá og heimild til breytinga á henni, um skipan og starfshætti kjörstjórna, meðferð kjörgagna, tímafresti, öryggi við framkvæmd sem tryggir leynd kosninga, gerð kosningakerfa, dulkóðun og framkvæmd öryggisúttektar, kröfur til auðkenningar, framkvæmd talningar, kosningakerfur og eyðingu gagna úr kosningakerfum að afloknum kosningum.“

Rétt er að geta þess að á grundvelli kosningalaga nr. 112/2021 er búið að setja hinar ýmsu reglugerðir, sem að einhverju leyti taka á framangreindum atriðum. Má hér m.a. nefna reglugerð um meðferð kjörgagna (rgl. nr. 388/2022 um kjörgögn, atkvæðakassa o.fl. við kosningar) en um hlutverk kjörstjórna er fjallað í nokkrum reglugerðum sem byggja á og eru settar með stoð í kosningalögum.

# LANDSKJÖRSTJÓRN

Landskjörstjórn er hlynnt því að sett verði sérákvæði í lög um íbúakosningar sveitarfélaga en leggur á það áherslu að skýrt verði hvort og þá hvert hlutverk landskjörstjórnar eigi að vera við framkvæmd eða undirbúning slíkra kosninga og að ekki verði til staðar óvissa um það lagaumhverfi sem um þær skal gilda.

F.h. landskjörstjórnar

Indriði B. Ármannsson

Indriði B. Ármannsson  
lögfræðingur